



Slökkviliðsstjóri

STARFSLÝSING

Yfirmaður

Bæjarstjóri

1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

Rekstur slökkviliðs heyrir undir bæjarráð og er slökkviliðsstjóri yfirmaður þess. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun Slökkviliðs Fjarðabyggðar ásamt almannavörnum.

Frumkvæðishlutverk í stefnumörkun, þekkingaröflun, þekkingarmiðlun, þróunarstarfi og greiningu upplýsinga sem varða eldvarnir og almenn viðfangsefni slökkviliða.

2. Önnur viðfangsefni

2.1 Almenn

- Rekstur atvinnuslökkviliðs og hlutastarfandi slökkviliða ásamt daglegri stjórnun á starfsstöðvum í Fjarðabyggð.
- Hefur eftirlit með því að farið sé að lögum og reglugerðum sem settar eru tengdar eru málaflokknum.
- Ábyrgð á starfssemi eldvarnaeftirlits á starfssvæði slökkviliðsins.
- Ábyrgð á gerð samninga um þjónustu slökkviliðs Fjarðabyggðar í samráði við bæjarstjóra.
- Umsjón og eftirlit með búnaði almannavarna í Fjarðabyggð og samskiptum við viðbragðsaðila vegna almannavarna. Situr aðgerðastjórn almannavarna.

2.2 Þjónusta

- Tryggir starfshæfni slökkviliðs og þjónustu þess.
- Annast framkvæmd þjónustusamninga og útfærslu þjónustu vegna þeirra.

2.2 Stjórnsýsla og stefnumótun

- Undirbúningur mála vegna slökkviliðs fyrir fundi bæjarráðs.
- Mæting á fundi bæjarráðs samkvæmt ósk bæjarstjóra.
- Umsjón með að samþykktir og verklagsreglur varðandi málefni slökkviliðsins séu í réttu horfi og í samræmi við áherslur bæjaryfirvalda.
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana í sveitarfélaginu um lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli varðandi eldvarnir og öryggi.
- Umsjón með að erindi til slökkviliðsins séu afgreidd í samræmi við vandaða stjórnun og stjórnsýsluhætti.

2.3 Fjármál

- Ábyrgð á að útgjöld slökkviliðsins séu innan fjárheimilda og tillögugerð um umbætur á starfsemi og hagræðingu í rekstri eftir því sem færi gefst á.
- Ábyrgð á fjárhagsáætlun og útgjöldum almannavarna Fjarðabyggðar, þ.e. sem hluta sem tilheyrir sveitarfélaginu.
- Umsjón og eftirlit með gerð árangursmælikvarða, starfs- og fjárhagáætlana vegna verkefna sem slökkvilið ber ábyrgð á.



- Söfnun og greining upplýsinga um kostnað og árangur af eldvörnum og starfi slökkviliðs.
- Samanburður við slökkvilið annars staðar sem þykja til fyrirmyndar í starfi.

2.4 Mannaforráð og stjórnun

- Ráðning undirmanna, frágangur ráðningarsamninga, starfslýsinga og nauðsynlegra gagna.
- Stjórnun starfsmanna, forgangsroðun og samræming verkefna undirmanna.
- Leiðsögn og ráðgjöf til undirmanna.
- Umsjón og eftirlit með að undirmenn búi yfir og viðhaldi faglegri þekkingu sem nauðsynleg er til að sinna verkefnum.
- Ábyrgð á reglulegum fundum með starfsmönnum slökkviliðsins.

2.5 Teymisvinna

- Stjórnun funda með undirmönnum
- Þátttaka í fundum starfsmanna sveitarfélagsins og ábyrgð á að leggja mál frá slökkviliðinu fyrir til kynningar.

2.6 Samskipti

- Við Mannvirkjastofnun og önnur yfirvöld slökkviliðsmála.
- Við Alcoa Fjarðaál vegna samstarfs- og þjónustusamninga.
- Við HSA vegna þjónustusamninga.
- Við aðra aðila sem gerðir eru samstarfs- og þjónustusamningar við.
- Við önnur slökkvilið á landinu og aðra viðbragðsaðila.
- Við fjölmiðla vegna málefna sem tengjast slökkviliðinu.

2.7 Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem bæjarstjóri felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

- Starfsmaður skal uppfylla ákvæði í 15. og 17. grein laga nr. 75/2000 um brunavarnir.
- Víðtæk þekking og farsæl reynsla á stjórnun slökkviliðs er áskilin.
- Yfirgripsmikil þekking á rekstri, stjórnun og stefnumótun er æskileg.
- Færni til að koma frá sér efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku.
- Líkamlegt atgervi til að stjórna slökkvistarfi.
- Þekking á starfsemi sveitarfélaga er kostur.
- Þekking á stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana er æskileg.
- Þekking á undirbúningi og stjórnun funda.

3.2 Hæfnisþættir

- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.
- Leiðtogahæfni og drifkraftur.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum og jákvætt viðhorf.
- Geta til að taka þátt í og stjórna breytingum.
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.

Fjarðabyggð
Framkvæmdasvið



Fjarðabyggð,